

Mættir : Björn Sigurðsson formaður, Hilmar Örn Jónasson, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Júlía Þorvaldsdóttir varaformaður, Elsa María Guðmundsdóttir, Hörður Oddfríðarson ritari, Leifur Guðni Grétarsson, Oddur Örnólfsson, Viktoría Gísladóttir gjaldkeri.

Afboða, mæta ekki : Emil Örn Harðarson móta- og miðlunarstjóri

Fundur 27.05.2020 settur kl. 18.30.

1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð síðasta fundar.

2. Mót og starfsemi

- a. **Akranesleikarnir fara fram helgina 12. – 14. júní** og verða þeir fyrir yngri sundmenn. Sundfélag Akranes mun skipuleggja mótið og taka tillit til takmarkana frá Almannavörnum. Undirbúningur gengur vel og stefnir í góða þátttöku.
- b. **Landsbankamót ÍRB fer fram 19. – 21. júní** og það verður fyrir eldri sundmenn. ÍRB mun skipuleggja mótið með tilliti til takmarkana frá Almannavörnum. Búið að opna fyrir skráningar.
- c. **AMÍ 2020 fer fram í Ásvallalaug í Hafnarfirði dagna 3. – 5. júlí.** Undirbúningur er kominn á fullt og það stefnir í góða þátttöku og búist er við að fjöldi þátttakenda verði svipaður og í fyrra. Allt skipulag í góðum farvegi.
- d. **ÍM50 verður haldið í Laugardalslaug dagana 17. – 19. júlí.** SSÍ sér um það mót. Stjórn SSÍ samþykkti að breyta fyrirkomulagi á mótinu í ár vegna ástandsins sem samfélagið hefur glímt við undanfarna mánuði, og að þessu sinni verður synt í beinum úrslitum. Mótið verður í þremur hlutum, seinnipart föstudags, laugardags og sunnudags, Afhendingu Ásgeirs bikarsins, Sigurðar bikarsins, Kolbrúnar bikarsins og Péturs bikarsins verður frestað fram til ÍM50 2021.
- e. **Önnur mótamál**
 - Í ljósi aðstæðna er hægt er að ná lágmarkum á AMÍ 2020 og ÍM50 öllum mótum sem haldin eru fyrir 30. Júní 2020 séu þau tilkynnt fyrirfram til SSÍ og haldin samkvæmt reglum SSÍ og FINA.
 - Umræða um kvóta sjálfbóðaliða sem félög þurfa að skila á SSÍ mótum.
 - Rætt um mótahald almennt og hnykkja verður á reglum um mótahald og hvaða mót telja sem lágmarkamót fyrir SSÍ mót og alþjóðamót. Það verður hert á þessu fyrir nýtt sundár.

3. Afreksmál

a. Þjálfaramál

Stjórn SSÍ samþykkir að þjálfarar félaga skulu hafa lokið grunnþjálfaranámskeiði (stig 1 og 2) á vegum SSÍ og bóklegu fjarnámskeiði á vegum ÍSÍ (3 hlutar) eða sambærilegu námi.

Sundþjálfarar á vegum SSÍ þurfa að hafa lokið laugavarðarprófi á vegum Rauða Krossins. Í þeim tilfellum þar sem þessi námskeið eru ekki í boði hjá viðkomandi sundlaugum eða sveitafélögum mun SSÍ halda þessi námskeið einu sinni á ári.

b. Afrekshópar

Stefnt að því að hafa prógram fyrir afrekshópa í haust. Nánar kynnt síðar.

c. Lágmrök

Lágmrök rædd. Tillaga verður lögð fyrir næsta stjórnarfund. Lágmrök sem náð eru á ÍM50 fyrir alþjóðleg mót þarf að staðfesta á næsta sundári.

4. Fundargerðir nefnda

Engar fundargerðir lágu fyrir fundinum.

5. Félagaskipti

Nafn:	Fyrri félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
Júlía Pálmadóttir <i>Staðfest</i>	Sd.Ármanns	Sd Breiðabliks	27.05.2020	26.06.2020

6. Staðfesting meta

Engin staðfest met liggja fyrir fundinn

7. Aðsend bréf

Dags	Efni	Sendandi
a. 06.05.2020	LEN elective congress Budapest 8.nóv	LEN
b. 06.05.2020	Bréf Óðinn	Óðinn
c. 07.05.2020	Formannskipti Óðinn	ALB
d. 10.05.2020	Gefnu tilefni	SH
e. 10.05.2020	Sundurliðun á framlagi til íþróttafélaga	ÍSÍ
f. 14.04.2020	Vegna æfinga í samkomubanni	ÍSÍ
g. 15.05.2020	Erindi frá ÍRB	ÍRB
h. 15.05.2002	Erindi frá formanni SSÍ	BS
i. 19.05.2020	Spurningar til afreksíþróttamanna	ÍSÍ
j. 20.05.2020	Fina Official list 21	FINA
k. 20.05.2020	Minnisblað frá sóttvornalækni	ÍSÍ
l. 21.05.2020	European short course Championship	LEN
m. 21.05.2020	Auglýsing um samkomubann	ÍSÍ
n. 26.05.2020	Bréf Sigmundar Ó	SÓS
o. 27.05.2020	Umsókn_sértækar aðgerðir	ÍSÍ
p. 27.05.2020		

6. Önnur mál

- Þremur erindum hefur verið vísað til aga og siðanendar. Aga og siðanefnd er að leggja lokahönd á niðurstöðu sína. Bodað verður til auka stjórnarfundar við fyrsta tækifæri til að kynna niðurstöðu nefndarinnar.
- Fjórar umsóknir hafa borist til dómaranefndar fyrir alþjóðadómara. Umsóknafrestur er til 29. Maí. Eftir það fjallar Dómaranefnd um málið og skilar niðurstöðum til stjórnar.

- c. Rætt um störf stjórnarmanna tengt punktasöfnun dómara. Dómaranefnd falið að koma með tillögur í þessu máli.
- d. Þjónustugjöld vegna fyrri hluta árs verða send út í júní með eindaga 1. júlí Þjónustugjöld verða send í heimabanka hvers félags og vaxtareiknuð eftir eindaga.
- e. Farið var yfir bréf frá Sundfélaginu Óðni vegna AMÍ. Svar við bréfinu var kynnt og staðfest. Framkvæmdastjóri sendir bréfið til stjórnar Óðins f.h stjórnar SSÍ.
- f. Sagnaritun - hugmyndir unnar í samvinnu við Sigmund Ó. Steinarsson. Fjárhags- og verkáætlun liggur fyrir um fyrri hluta verksins. Samþykkt var að fara í gagnaöflun og skrif fyrir tímabilið frá Grettissundi til ársins 1951 þegar að SSÍ var stofnað.
- g. Afmælisár - fundur boðaður í nefndinni í kringum næsta stjórnarfund (Björn, Hörður Júlía og Oddur)

Fundi slitið kl. 21:30